

Skólaárið 2012-2013

Aðalfundur foreldra –hollvinafélagi ME haldinn í Menntaskólanum á Egilsstöðum 9.september 2012. Haldinn í matsal ME. Kl:18:00.

Mætt: Pétur Heimisson formaður, Sigrún Þorsteinsdóttir og Jóhanna M Agnarsdóttir. Karl S. Lauritzson, Jóhanna Jónsson og Ólafur Þorkell Pálsson boðuðu fjarveru. Pétur tók til máls og skipaði fundarstjóra Hilmar Gunnlaugsson, ritari Jóhanna. Sagði svo að í lögum félagsins stendur í f-lið 4. greinar um aðalfund:4.gr. Aðalfundur fer með ælsta vald í málefnum félagsins. Hann skal haldinn árlega á tímabilinu 15.sept. til 20.okt. Til fundarins skal boðað bréflaga með a.m.k. 5 daga fyrirvara með dagskrá. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boð. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu. Fundur gerður löglegur.

1.Skýrsla stjórnar farið yfir síðasta ár. Hefðum mátt vera virkari. Haldnir voru þrír stjórnarfundir; 2.okt.2011, 7.feb.2012 og hinn síðasti.26.apríl 2012. Samskipti voru líka í gegnum tölvupóst og síma. Karl var áheyrnarfulltrúi í skólanefnd, Pétur fulltrúi félagsins í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli.

2.Gjaldkeri fjallar um peningamálin. Fram kom að Arionbanki drýgði mjög innkomu félagsins, með því að styrkja það með upphæð sem nam þeim kostnaði sem fylgdi innheimtu gegnum heimabanka. Ársreikningar voru lagðir fram og samþykktir.

3.Edrúpotturinn . Krökkunum hefur fjölgað sem skrá sig í hann.

4.Stjórn félagsins skipulagði foreldrarölt, það er hlutur sem þarf að skipuleggja miklu betur. Hvaða gagn er af svona starfi kann einhver að spyrja sem er eðlilegt. Í því sambandi má t.d. nefna eftirfarandi:

- Að foreldrar séu sýnilegir og til staðar kringum böll ungmennanna eru bein og skýr skilaboð til þeirra um að foreldrarnir láti sig velferð þeirra varða.
- Jákvæð samskipti milli ungmenna og röltandi foreldra er reglan og stundum koma vinir og vinkonur og biðja um aðstoð fyrir vin sinn – það styrkir jákvæða hegðun og náungagærleik.
- Nokkur dæmi eru um að röltið hafi forðað ungmennum frá kulda og vosbúð.

5.Í apríl sl.fékk formaður boð um að sitja árlegt þing Heimilis og skóla á Akureyri. Þetta var í fyrsta sinn sem formönnum foreldrafélaga í framhaldsskólum var boðið að sitja slíkt þing.

6.Skoða þarf vel reglur og lög félagsins og breyta þeim og bæta fyrir næsta aðalfund.

7.Kosið var í nýja stjórn. Stjórnina skipa. Sigrún Þorsteinsdóttir, Jóhanna Margrét Agnarsdóttir, Anna Alexandersdóttir, Fanney Ingadóttir, Jónína Óskarsdóttir, Jóhann Jóhannsson, Pétur Heimisson.

8.Kosning tveggja skoðunarmanna. Hilmar Gunnlaugsson, Drífa Sig.

Fundi slitið.

Fundur í Foreldra- og hollvinafélagi Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn 11. nóvember 2012 í húsnæði skólans.

Mætt voru: Pétur, Karl, Anna, Jóhanna, Jónína og Sigrún.

- Anna var kosin formaður, Jóhanna kosin ritari og Sigrún kosin gjaldkeri.
- Ákveðið var að halda fund annan sunnudag í mánuði kl.20. Næsti fundur er þá 9.des.
- 30.nóv er ball. Foreldrarölt rætt. Anna var með nafnalista. Athuga með vesti fyrir foreldra á rölti. Pétur tók það að sér.
- Anna er fulltrúi í skólanefnd.
- Fulltrúi í heilsueflandi skólanefnd er Jónína.
- Þarf að breyta lögnum.

Fundi slitið kl:21.

Fundur í stjórn Foreldra- og hollvinafélags ME 9. desember 2012

Mættir: Anna, Fanney, Sigrún, Karl og Jónína auk þess sem Helgi Ómar skólameistari sat hluta fundarins.

1. Helgi Ómar fór yfir reynsluna af 1. des balli nemenda í Valaskjálfi. Mikið bakslag frá ballinu á síðasta ári. Mikil drykkja og algjörlega óviðunandi ástand. Á annan tug nemenda komnir með "rautt spjald" eftir þessa skemmtun. Tveir kennarar voru á vakt sem var of lítið miðað við ástand nemenda. Búið að ræða við nemendur á sal og er ekki vilji frá hendi skólameistara að sækja um leyfi fyrir dansleikjum að öllu óbreyttu. Ræddi einnig um menningarferðina á Sauðárkrók og segir að ferð þangað verði ekki endurtekin þar sem forsendur fyrir því séu ekki fyrir hendi. Skipulag ekki með þeim hætti sem ætti að vera miðað við tilgang ferðarinnar.

2. Helgi Ómar ræddi um skólanámskrá og það tveggja ára tilraunaverkefni sem skólinn er þátttakandi í. Verið er að vinna í námskránni og verður áfram. Flókið mál og innleiðing erfið.

3. Helgi Ómar ræddi um breiða flóru nemenda við skólann og að í vetur hefur orðið mikil aukning á nemendum sem eru á mörkum þess að geta stundað nám á almennri braut sem gerir það að verkum að þörf sé á fjölbreyttari úrræðum fyrir þann hóp.

4. Rætt almennt um skólastarfið, námsframboð, nemendafjölda, fjarnám á Vopnafirði. Einnig umhverfis- og auðlindabraut og samstarf þeirra skóla er aðkomu hafa að þeirri

braut (Tröllaskagi, Grundarfjörður, Austur-Skaftafellssýsla og ME). Þetta samstarf fer rólega af stað.

5. Rætt um aðkomu Foreldra- og hollvinafélagsins að fræðslu fyrir nemendur og foreldra.

Áhugi er fyrir því að fá fræðslu um tölvufíkn á opnum dögum í febrúar. Fanney hefur samband við SAFT til að kanna möguleika á fyrirlestri.

Helgi Ómar yfirgaf fundinn.

6. Foreldrarölt - skipulag. Velja þarf foreldra á næsta rölt. Ráðgert að fá sex á röltið og hafa

þrjár konur og þrjú karla því atvik geta komið upp þar sem slíkt sé nauðsynlegt. Valdir verða foreldrar nemenda sem eru ekki orðnir lögráða. 7. Lagabreytingar - umræðu frestað. Fundi slitið kl. 21:50

Fundargerð ritaði Jónína G. Óskarsdóttir

Fundur í Foreldra- og hollvinafélagi Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn 13. janúar 2013 í húsnæði skólans

Mættir voru Anna Alexandersdóttir formaður sem stýrði fundi, Pétur Heimisson, Sigrún Þorsteinsdóttir, Jóhanna M Agnarsdóttir Fanney Ingadóttir meðstjórnandi sem ritaði fundargerð vegna fjarveru ritara þegar fundur hófst.

- Umræða um hvernig hægt væri að minnka aðgengi þeirra sem væru undir áhrifum áfengis inn á böll skólans. Ákveðið var að Fanney hefði samband við fulltrúa nemendaráðs og fulltrúa dyravarða og bjóða þeim að mæta á næsta fund.
- Rædd var sú hugmynd að skólinn sjálfur stæði fyrir því að kalla foreldra 1. árs nema á foreldrarölt. Foreldrafélagið mundi sjá um að finna foreldra og senda Helga Ómari. Eins kom upp sú hugmynd hvort skólinn gæti farið fram á að foreldrar sinnti foreldraröltinu. Án þess sækti skólinn ekki um leyfi til að halda böll. Hugsanlega þurfa að vera fleiri dyraverðir/starfsmenn á böllum. Það kom upp sú staða að þeir gátu ekki sinnt þeim ungmönnum sem vildu blása í mæli til að komast í edrúpottinn. Foreldrafélagið gæti greitt kostnað fyrir 1 dyravörð/starfsmann.
- Sigrún uppfærir upplýsingar til foreldra varðandi foreldraröltið og sendir til allra foreldra.
- Jóhanna sendir bréfið sem var sent í fyrra um tölu Árna Einarssonar fyrirlesara .
- Vestin sem Sjóvá gaf foreldrafélaginu fyrir foreldraröltið eru komin og Pétur tekur að sér að skrifa þakkarbréf vegna þeirra og eins til Arion banka fyrir styrk þ.e. niðurfellingu þjónustugjalda vegna greiðsluseðla.
- Gjaldkeri kynnti stöðu félagsins og tiltók að félagið ætti inni styrk hjá Arion banka. Fjárhagsstaða félagsins er nokkuð góð.
- Rædd var aðkoma félagsins að fyrirlestri vegna tölvufíknar á vegum SAFT. Anna kynnti að fyrirlesturinn verði næstkomandi sunnudag fyrir foreldra í ME. Hugsanlega greiðir Fljótsdalshérað og ME allan kostnað og þá kom upp sú hugmynd hvort félagið

gæti frekar komið að fræðslu varðandi kynferðislega misnotkun barna og unglunga, í ljósi þeirra samfélagslegu umræðu síðustu viku. Hugsanlega að fá Stigamót eða Blátt áfram til að koma að þessu. Anna ætlar að kanna hvernig Helga Ómari lítist á svona námskeið og ef hann er jákvæður athugar hún hugsanlega samvinnu við aðra skóla og íþróttafélög. Fanney tók að sér að ræða við Árna Ólason varðandi Blátt áfram og Stigamót. Pétur benti á að við ættum að hafa augun opin og reyna að nýta þá fræðinga sem eru að koma til Egilsstaða annað slagjóð s.s. sálfræðinga.

- Jóhanna tók að sér að skrifa breytingartillögur á nokkrum greinum í lögum félagsins, samkvæmt umræðu á fundinum, svo þau væri tilbúin fyrir næsta aðalfund.
- Pétur velti fyrir sér hvernig staðan á verkefninu „Heilsueflandi skóli“ sé og hver sjái um verkefnið.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 21:45.

Fundur í Foreldra- og hollvinafélagi Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn 13. janúar 2013 í húsnæði skólans

Mættir voru Anna Alexandersdóttir formaður sem stýrði fundi, Pétur Heimisson, Sigrún Þorsteinsdóttir, Jóhanna M Agnarsdóttir Fanney Ingadóttir meðstjórnandi sem ritaði fundargerð vegna fjarveru ritara þegar fundur hófst.

- Umræða um hvernig hægt væri að minnka aðgengi þeirra sem væru undir áhrifum áfengis inn á böll skólans. Ákveðið var að Fanney hefði samband við fulltrúa nemendaráðs og fulltrúa dyravarða og bjóða þeim að mæta á næsta fund.

- Rædd var sú hugmynd að skólinn sjálfur stæði fyrir því að kalla foreldra 1. árs nema á foreldrarölt. Foreldrafélagið mundi sjá um að finna foreldra og senda Helga Ómari. Eins kom upp sú hugmynd hvort skólinn gæti farið fram á að foreldrar sinnti foreldraröltinu. Án þess sækti skólinn ekki um leyfi til að halda böll. Hugsanlega þurfa að vera fleiri dyraverðir/starfsmenn á böllum. Það kom upp sú staða að þeir gátu ekki sinnt þeim ungmennum sem vildu blása í mæli til að komast í edrúpottinn. Foreldrafélagið gæti greitt kostnað fyrir 1 dyravörð/starfsmann.

- Sigrún uppfærir upplýsingar til foreldra varðandi foreldraröltið og sendir til allra foreldra.
- Jóhanna sendir bréfið sem var sent í fyrra um tölu Árna Einarssonar fyrirlesara .
- Vestin sem Sjóvá gaf foreldrafélaginu fyrir foreldraröltið eru komin og Pétur tekur að sér að skrifa þakkarbréf vegna þeirra og eins til Arion banka fyrir styrk þ.e. niðurfellingu þjónustugjalda vegna greiðsluseðla.
- Gjaldkeri kynnti stöðu félagsins og tiltók að félagið ætti inni styrk hjá Arion banka. Fjárhagsstaða félagsins er nokkuð góð.

- Rædd var aðkoma félagsins að fyrirlestri vegna tölvufíknar á vegum SAFT. Anna kynnti að fyrirlesturinn verði næstkomandi sunnudag fyrir foreldra í ME. Hugsanlega greiðir Fljótshérað og ME allan kostnað og þá kom upp sú hugmynd hvort félagið gæti frekar komið að fræðslu varðandi kynferðislega misnotkun barna og unglinga, í ljósi þeirra samfélagslegu umræðu síðustu viku. Hugsanlega að fá Stigamót eða Blátt áfram til að koma að þessu. Anna ætlar að kanna hvernig Helga Ómari lítist á svona námskeið og ef hann er jákvæður athugar hún hugsanlega samvinnu við aðra skóla og íþróttafélög. Fanney tók að sér að ræða við Árna Ólason varðandi Blátt áfram og Stigamót. Pétur benti á að við ættum að hafa augun opin og reyna að nýta þá fræðinga sem eru að koma til Egilsstaða annað slagið s.s. sálfræðinga.
- Jóhanna tók að sér að skrifa breytingartillögur á nokkrum greinum í lögum félagsins, samkvæmt umræðu á fundinum, svo þau væri tilbúin fyrir næsta aðalfund.
- Pétur velti fyrir sér hvernig staðan á verkefninu „Heilsueflandi skóli“ sé og hver sjái um verkefnið.
Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 21:45.